# Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNA

*atvinna@mbl.is* • *Sölufulltrúi* • *Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246*


## Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Leitað er að öflugum og framsæknum leiðtoga til að leiða málaflokkinn inn í spennandi tíma.

Nánari upplýsingar um starfið og ábyrgðarsvið sviðsstjóra má finna á heimasíðu Intellecta og heimasíðu Reykjavíkurborgar.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er nauðsynleg.
- Víðtæk þekking og reynsla af málefnum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynslu af því að leiða breytingar.
- Víðtæk þekking og reynsla af rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, stefnumótunarvinnu, þjónustustarfsemi og áætlunargerð.
- Þekking og reynsla af samningagerð og undirbúningi samninga.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Mjög góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.

**Framlengdur umsóknarfrestur er til og með 8. desember 2024.**

Umsjón með ráðningu hefur ráðgjafafyrirtækið Intellecta. Umsókn óskast útfyllt á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.
Skipuð verður þriggja manna hæfisnefnd sem mun vinna úr öllum umsóknum í samráði við Intellecta.
Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar (loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is).
Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir




vinnuvernd

# Læknir
## í hlutastarf
### við starfstengda heilbrigðisþjónustu

Vegna aukinna umsvifa viljum við bæta við teymið okkar og leitumst eftir að ráða öflugan lækni til að slást í för með okkur.

Um er að ræða dagvinnu – starfshlutfall eftir samkomulagi.

Vinnuvernd er framsækið þjónustu- og ráðgjafafyrirtæki sem leitast eftir því að efla heilbrigði einstaklinga og vellíðan á vinnustöðum. Hjá okkur starfar reynslumikill hópur fagfólks sem hefur sérhæft sig í þjónustu við stofnanir, atvinnulífið og einstaklinga. Teymið okkar samanstendur af hjúkrunarfræðingum, læknum, sálfræðingum, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara og móttökustjóra, en öll sameinum við krafta okkar í faglegri þjónustu til viðskiptavina.

Í dag þjónustum við stolt fjölmörg íslensk fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög og fer þeim ört fjölgandi.

Við erum á spennandi vegferð og viljum bæta góðu fólki við frábæra hópinn okkar!

Við hlökkum til að heyra frá þér!

**Helstu verkefni og ábyrgð**
· Trúnaðarlækningar.
· Starfstengt heilsufarsmat og heilbrigðiseftirlit
· Ráðgjöf til stofnana, fyrirtækja og einstaklinga varðandi heilsufarstengd málefni, starfsumhverfi og forvarnir gegn atvinnutengdum sjúkdómum.
· Almenn læknisþjónusta.
· Virk þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu.
· Þátttaka í uppbyggingu og þróun læknisfræðilegrar þjónustu fyrirtækisins með gæði og vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
· Íslenskt lækningaleyfi.
· Góð íslenskukunnátta.
· Jákvæðni, sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum.
· Leiðtogahæfni og frumkvæði.

Nánari upplýsingar eru gefnar í gegnum netfangið: vinnuvernd@vinnuvernd.is

HSS HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA
*Samfélagsleg ábyrgð*

# VILTU TAKA ÞÁTT Í UPPBYGGINGU Á HSS?

**Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum með frumkvæði, faglegan metnað og jákvætt hugarfar.**

**VIÐ AUGLÝSUM EFTIR:**
- Geislafræðingum
- Hjúkrunarfræðingum
- Lífeindafræðingum
- Sálfræðingum
- Sjúkraliðum

**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja veitir íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu. Framundan er víðtæk uppbygging sem byggir á stefnu stofnunarinnar til ársins 2030.**

**Kynntu þér málið hér: www.hss.is/laus-storf**

MIÐSTÖÐ MELTINGARLÆKNINGA

# Hjúkrunarfræðingur
## - dagvinna

Miðstöð meltingarlækninga, Læknastöðinni Glæsibæ, vill bæta við stöðu hjúkrunarfræðings. Starfshlutfall er 70%.

Miðstöð meltingarlækninga sinnir einstaklingum með meltingarsjúkdóma, þar eru gerðar speglanir og aðrar meltingarrannsóknir ásamt ráðgjöf.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið atvinna@laeknastodin.is fyrir 15. desember nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Ólafsdóttir deildarstjóri á kristin@laeknastodin.is

Læknastöðin · Álfheimar 74 · 104 Reykjavík
Sími 535 6800



# Organisti óskast!

Við Grafarvogssókn er laus 65% staða organista.

**Starfsskyldur:**
- Orgelleikur og kórstjórn við helgihald í Grafarvogskirkju, Kirkjuselinu í Spöng og á hjúkrunarheimilinu Eir.
- Undirleikur á kóræfingum barnakórs, í helgistundum og við samsöng eldri borgara.
- Auk annara tilfallandi verkefna sem rúmast innan starfsskyldna og starfshlutfalls.

**Hæfni:**
- Umsækjandi þarf að minnsta kosti hafið lokið prófi í kirkjutónlist frá Tónskóla þjóðkirkjunnar eða sambærilegu prófi í kirkjutónlist.
- Hafa reynslu af tónlistarflutningi við helgihald og kórstjórn.
- Umsækjandi þarf að hafa gaman af fjölbreyttu helgihaldi, vera hugmyndaríkur og hafa áhuga á að taka þátt í að byggja upp tónlistarstarf í söfnuðinum.
- Umsækjandi þarf að hafa færni í samskiptum, getu til að vinna í hóp og hæfni til að starfa sjálfstætt.

Staða organista heyrir undir organista/tónlistarstjóra Grafarvogssóknar. Organisti mun sinna helgihaldi að jafnaði aðra hvora helgi. Gert er ráð fyrir því að organisti/tónlistarstjóri og organisti, leysi hvorn annan af í fríum.

Í Grafarvogssókn er helgihald í Grafarvogskirkju, í Kirkjuseli í Spöng og á hjúkrunarheimilinu Eir. Þrír kórar eru við kirkjuna, kirkjukór, Vox Populi og barnakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju sem rekinn er í samstarfi við Tónskólann í Reykjavík.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2025.**
**Umsóknarfrestur er til 12. desember 2024.**

*Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á netfangið, formadur@grafarvogskirkja.is*

*Nánari upplýsingar veitir Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður sóknarnefndar í síma 858 1002*




FINNA
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA





Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF




# Viltu vera með í stafrænni vegferð okkar?

Eignaumsjón er framsækið og leiðandi þekkingar- og þjónustufyrirtæki í rekstri fasteigna, bæði húsfélaga og rekstrarfélaga atvinnuhúsa og býr yfir víðtækri þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa eftir nærri aldarfjórðungs starfsemi.

Þróttmikill vöxtur er í starfseminni og rekur fyrirtækið um 1.200 húsfélög í dag, með í kringum 25 þúsund íbúðum og atvinnurýmum. Starfsfólk Eignaumsjónar er ríflega 50 talsins og í fyrirtækinu ríkir jákvæður starfsandi, sterk liðsheild og virðing í samskiptum.

Fram undan eru spennandi tímar í stafrænni vegferð Eignaumsjónar, bæði í tækniþróun og snjallvæðingu. Til að mæta þeim áskorunum þurfum við nú að ráða tvo öfluga forritara og þjónustuaðila, til viðbótar við þá fjóra sérfræðinga sem fyrir eru í hugbúnaðardeild fyrirtækisins.

**Störf í boði á tæknisviði:**

- **Forritun og þróun gagnagrunna** fyrir Microsoft SQL
- **Forritun og þróun hugbúnaðar** fyrir Microsoft .Net C#
- **Notendaþjónusta** við eigin hugbúnað og útstöðvar, kennslu o.fl. verkefni

Eignaumsjón vill ráða hæft og traust starfsfólk til starfa til framtíðar.

Áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð, góðan starfsanda og jafnrétti kynja.

**Allar umsóknir fara í gegnum alfred.is.**
**Þar er að finna nánari upplýsingar um störfin.**

2021-2024 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

2024 Mannauðshugsandi fyrirtæki HR MONITOR

Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík - Sími 585 4800 - thjonusta@eignaumsjon.is - eignaumsjon.is

Laugarás Lagoon

# + Í sumar opnar baðlón í Gullna hringnum — *viltu taka þátt í einstakri uppbyggingu?*

Laugarás Lagoon er staðsett í Laugarási, í grennd við Iðubrú í Bláskógabyggð. Baðstaðurinn mun innihalda tveggja hæða baðsvæði, gufuböð, hituð með jarðvarma úr uppsprettu í þorpinu, og kalda laug með jökulvatni úr Hvítá. Þökk sé víðfeðmu útsýni yfir ána, skóglendi og fjöll skapast þar töfrandi samspil slökunar og nándar við náttúruna. Á veitingastaðnum Ylja verður árstíðabundið úrval veitinga með áherslu á að nýta hráefni úr nærsveitum.

Verkið fyrir höndum er jafn stórt og það er heillandi svo nú vantar eldhuga til að taka þátt í uppbyggingu og kynningu. Störfin fela í sér sveigjanlega starfsstöð.

## + SÉRFRÆÐINGUR Í STAFRÆNNI MARKAÐSSETNINGU

Við leitum að skapandi markaðssérfræðingi með brennandi áhuga á stafrænni markaðssetningu, innsæi í hegðun neytenda og þekkingu á nýjustu tækni til að ná til réttra markhópa.

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Skipulag og framkvæmd stafrænnar markaðssetningar
- Samfélagsmiðlar
- Umsjón með vefsíðu fyrirtækisins og birtingu efnis
- Leitavélabestun (SEO)
- Samstarf innan fyrirtækis og utan

## + SÖLUSTJÓRI

Við óskum eftir öflugum sölusérfræðingi með reynslu úr ferðaþjónustu sem hefur ástríðu fyrir að kynna og selja ógleymanlegar upplifanir í íslenskri náttúru.

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Þróun og innleiðing sölustefnu
- Söluaðgerðir sem ná til mismunandi markhópa
- Tengsl við ferðaskrifstofur/-skipuleggjendur
- Viðvera á kynningarviðburðum, hérlendis og erlendis
- Greining á söluþróun og stöðugt umbótastarf
- Samstarf innan fyrirtækis og utan

Ef þú vilt móta ómissandi áfangastað skorum við á þig að skoða umræddar stöður betur með því að skanna QR-kóðann hér til vinstri eða á **laugaraslagoon.is**

Einnig má senda fyrirspurn með tölvupósti á job@laugaraslagoon.is

# Við erum í liði með Póstdreifingu

**8 vikna verkefni hjá Póstdreifingu er frábær fjáröflunarleið fyrir þitt íþróttalið.**

Krakkarnir bera út einu sinni í viku og hvert skipti tekur yfirleitt innan við klukkustund. Þannig efla þau liðsheildina með samvinnu og fá góða hreyfingu að auki.

Markviss, skemmtileg og árangursrík leið til þess að safna peningum.

Hver hópur safnaði á bilinu
**300.000–850.000**
krónum á 8 vikum

**Skráðu þinn hóp**




**Póstdreifing**

# Raðauglýsingar

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Umhverfismat framkvæmda

**Ákvörðun um matsskyldu**

**Hringvegur um Hornafjörð - breyting á tengingum, Sveitarfélagið Hornafjörður**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is og Skipulagsgátt. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 30. desember 2024.

## Fundir/Mannfagnaðir



### Aðalfundarboð

Málfundafélagið Óðinn heldur aðalfund miðvikudaginn 11. desember milli kl. 17 og 19 á Hótel Holti í salnum Þingholt.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

**Tilkynna skal framboð til stjórnarsetu í félaginu í síðasta lagi viku fyrir aðalfund eða fyrir 4. desember kl. 12 með tölvupósti á xd@xd.is.**

Stjórn Málfundafélagsins Óðins.






# Smáauglýsingar

## Málarar

**MÁLARAR**

Tökum að okkur öll almenn málningarverkefni. Við erum faglærðir málar með mikla reynslu. Sanngjarnir í verði. Hafið samband í síma 782-4540 eða loggildurmalari@gmail.com

## Sumarhús



**Sumarhús –Heilsárshús**
**Gestahús –Breytingar**

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
**Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is**

## Húsviðhald

**Húsaviðgerðir**
**www.husco.is**
**Sími 555 1947**
**Gsm 894 0217**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK**
**FLOTUN - SANDSPARSL**
**MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

## Bílar



**Black Friday TILBOÐ á þessum svarta bíl!**
**Kia X-Ceed Plug in Hybrid.**
7/2022. Ekinn aðeins 18 þús. km. Hann er um 2,3 milljónum lægra en nýr bíll kostar.
**Verð aðeins 4.400.000.**

SPARIbíll

**www.sparibill.is**
**Hátúni 6 A – sími 577 3344**
**Opið kl. 10-18 virka daga**

## Ýmislegt















**Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur**

**Síðumúla 31**
**588 6060 og 894 4014**

Félagið býður uppá miðilseinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a. **Þórhallur Guðmundsson miðill.** - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

**Svörum í síma frá kl. 13-18 flesta daga ársins**

**SRFR.**

**Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar**



**Vandaðir krossar á leiði!**

**SAMA VERÐ OG Í FYRRA, ENGIN HÆKKUN!**

Fáanlegt í 12 volt, 24 volt og 32 volt – 3 ára ábyrgð

JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

**Skemmuvegi 34, 200 Kóp.**
**Sími 554 0661**

**Opið á laugardögum í desember kl. 10-16**


# Atvinna

Fáðu meira út úr þinni **atvinnuauglýsingu!**



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út **tvisvar í viku.** Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef **mbl.is** og á **finna.is.** Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – **eitt verð!**

1 **Morgunblaðið** fimmtudaga

2 **Morgunblaðið** laugardaga

3 **mbl.is** atvinna

4 **finna.is** atvinna

**110.000** manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).*

Mbl.is er með **2,2 milljón** flettinga á dag og **15,4 milljón** flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023
**Topplisti Gallup í ágúst 2023




Morgunblaðið mbl.is FINNA